



## 308. fundur Afrekssjóðs ÍSí

Föstudagur 5. janúar 2024 kl. 12.00

### Mætt öll á Teams:

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Guðrún Inga Sívertsen (GS), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (SÁ), Þórey Edda Elísadóttir (ÞE), Knútur G. Hauksson (KH).

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð,

### 1. Úthlutun vegna 2024.

Umræða fór fram um tillögur Afrekssviðs um einstaklingsstyrki. Tillögurnar eru ennþá á vinnslustigi og á sviðið eftir örlitla vinnu áður en lokatillögur væru klárar.

DJ kynnti nýtt vinnuskjal með útreikningum um styrkþætti.

Umræða fór fram um styrki vegna stöðugilda og hvort hann ætti að vera línulegur.

Frekari umræður fóru fram um styrkfjárhæðir til sérsambanda. Stefnt að klára umræður og taka ákvörðun um tillögur til framkvæmdastjórnar á næsta fundi.

### 2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13.05.